

Gunnar Jónsson

From: Ívar og Hrefna <muggur77@hotmail.com>
Sent: fimmtudagur, 22. ágúst 2024 17:21
To: Gunnar Jónsson
Cc: Pétur Kristinsson; Innviðaráðuneyti; Jóna Árný Þórðardóttir; Ólöf Sunna Jónsdóttir
Subject: Re: Beiðni um smölun ágangsfjár - Óseyri Stöðvarfirði
Attachments: processed-1FB25FBF-CD43-4D35-937D-1DED83A97681.jpeg; processed-82FEEB8D-A291-43AE-AE57-F2C9FD12405D.jpeg; processed-935F5852-EF3B-41ED-8843-EC48782D4664.jpeg; processed-0EEB188E-2C30-491D-9363-D3DC9A1FEE96.jpeg; Dauð kind í landi Óseyrar 2023.jpg

Categories: Vistað í OneCRM; 2306063
One: -1

Góðan dag.

Staðan á landi Óseyrar Stöðvarfirði kl 15:30 þann 22 ágúst 2024.

Þetta ætti að auðvelda svokölluðu rannsóknarvinnu bæjarstjórnar en á einni af þessum myndum má lesa mark kindurnar 32U8 3074

Á síðasta ári sendi ég á sveitafélagið mynd af dauðri kind sem keyrt hafði verið á á landi Óseyrar markið á henni var 32U8 6029 (mynd 5) en samkvæmt markaskrá er það varaformaður fjallskilaneftndar Fjarðarbyggðar sem á þetta sauðfé.

En auðvitað vita allir að best leiðin til að komast að því hver á þetta fé er að smala því eins og sveitarfélaginu BER að gera skv. lögum

Kveðja

Ívar Ingimarsson

Frá: Ívar og Hrefna <muggur77@hotmail.com>

Sent: þriðjudagur, ágúst 20, 2024 5:14 e.h.

Til: Gunnar Jónsson <gunnar.jonsson@fjardabyggd.is>

Afrit: Pétur Kristinsson <pk@fasteignsnae.is>; Innviðaráðuneyti <irn@irn.is>; Jóna Árný Þórðardóttir <jona.a.thordardottir@fjardabyggd.is>; Ólöf Sunna Jónsdóttir <olof.sunna.jonsdottir@irn.is>

Efni: Re: Re: Beiðni um smölun ágangsfjár - Óseyri Stöðvarfirði

Sæll Gunnar.

Áhugavert að fá loks viðbrögð frá sveitafélaginu eftir að kæra hefur verið senda á Innviðaráðuneytið. Þessi póstur sveitafélagsins breytir engu um kæru okkar til Innviðaráðuneytisins þar sem sveitastjórn smalaði ekki ágangsfénu af landi okkar heldur lét tíu daga líða þar til haft er samband við okkur.

Þá verður þetta bréf ekki skilið öðruvísi en að sveitarstjórn fari ekki eftir þeim sjónarmiðum sem fram koma í úrskurðum innviðaráðuneytisins frá 16. febrúar og 18. apríl sl. og virðist sveitarfélagið virða leiðbeiningar ráðuneytisins sem þar koma fram að vettugi.

Sveitafélagið segist hafa sent aðila til að skoða landið okkar 16. ágúst eða sex dögum eftir að við sendum inn beiðni um smölun en viðkomandi hafi ekki séð neinar kindur á landinu okkar. Um þetta höfum við ekki neina vitneskju enda ekki haft samband við okkur eða brugðist við erindi okkar með nokkrum hætti fyrr en nú tíu dögum seinna með þessum pósti.

Það verður þó að segjast að það er einkennilegt hvað þessir aðilar frá sveitafélaginu sjá ekki kindur en okkur er kunnugt um annan landeiganda í Fjarðabyggð, nánar tileikið Reyðarfirði sem óskaði eftir smölun á ágangsfé 2. júlí og þá sá heldur ekki sá sem var sendur á staðinn um viku seinna, kindur. Engu að síður tók landeigandinn myndir af kindunum rétt eftir að viðkomandi fór og sendi á sveitafélagið.

Eins og allir vita hafa kindur fætur en eru ekki með rætur það þýðir með öðrum orðum að þær geta fært sig. Þann 10. ágúst voru kindur á landinu okkar eins og myndirnar sem við sendum með sýna augljóslega. Þann 15. ágúst ítrekaði ég beiðni okkar um smölun í bréfi á sveitafélagið og þá voru kindurnar enn þá á landi okkar, af því eigum við bæði myndir og myndbönd.

Það að bregðast ekki fyrr við en eftir að þjófurinn er farinn eða húsið brunnið segir allt sem segja þarf. Þessi framkvæmd sýnir bara hversu illa sveitafélagið er að standa að þessum málum. **Þann 12. ágúst** var bæjarráðsfundur og þá hefði sveitafélagið geta ákveðið að senda aðila á svæðið, smalað fénu saman, talið hausa og komist að því hver ætti það og látið viðkomandi vita. Ef þetta myndi gerast aftur gæti sveitafélagið sagst muni rukka eigendur fjársins fyrir. Þykir mér nokkuð ljóst að þá myndu viðkomandi líta betur eftir dýrum sínum og þessi mál myndu fljótt heyra sögunni til en nú mun þetta að öllum líkindum bara endurtaka sig.

Kveðja,
Ívar Ingimarsson og
Hrefna Arnardóttir

From: Gunnar Jónsson <gunnar.jonsson@fjardabyggd.is>

Sent: 20 August 2024 13:19

To: Ívar og Hrefna <muggur77@hotmail.com>

Cc: Pétur Kristinsson <pk@fasteignsnae.is>; Innviðaráðuneyti <irn@irn.is>; Jóna Árný Þórðardóttir <jona.a.thordardottir@fjardabyggd.is>

Subject: RE: Re: Beiðni um smölun ágangsfjár - Óseyri Stöðvarfirði

Góðan daginn Ívar

Bæjaráð tók erindi þitt fyrir á fundi sínum 19. ágúst sl. og fól undirrituðum úrvinnslu þess.

Föstudaginn 16. ágúst sl. fór bæjarverkstjóri Fjarðabyggðar að beiðni minni á vettvang til að meta ágang þann sem þú lýstir í tölvupósti þínum 10. ágúst sl. og meðfylgjandi gögnum. Bæjarverkstjórinn leitaði eftir fénu sem sást á myndum sem þú sendir en það fannst ekki í landi þínu að Óseyri.

Hins vegar var ein ær með tvö lömb sem gæti verið það fé sem er á myndunum en það var þá statt sunnan Stöðvarár rétt uppi í fjallshlíðinni gengt jörðinni Óseyri.

Þar sem ekki fannst fé á jörðinni verður ekki aðhafst frekar varðandi tilkynningu þína.

Bestu kveðjur

Gunnar Jónsson



FJARÐABYGGÐ

Þú ert á góðum stað

Gunnar Jónsson

Bæjarritari / Deputy mayor

Skrifstofa bæjarstjóra

gunnar.jonsson@fjardabyggd.is



Fjarðabyggð

+354 470 9062

Hafnargötu 2

+354 863 3602

730 Fjarðabyggð

www.fjardabyggd.is

Fyrirvari / Legal disclaimer

From: Ívar og Hrefna <muggur77@hotmail.com>

Sent: 15.08.2024 15:41:38

To: Fjarðabyggð ; Jóna Árný Þórðardóttir

CC: Pétur Kristinsson <pk@fasteignsnae.is>; Innviðaráðuneyti <irn@irn.is>

Subject: Re: Beiðni um smölun ágangsfjár - Óseyri Stöðvarfirði

Góðan dag.

Ég sé að bæjarráð hefur fundað þann 12 ágúst.

Á þeim fundi er beiðni okkar um smölun sem við sendum inn 10 ágúst ekki tekin fyrir og við höfum ekki heyrt neitt frá sveitafélaginu.

Ágangsfé er enn þá á landi okkar að valda okkur ónæði og skemmdum.

Maður veltir því fyrir sér hvernig þetta viðbragð er í samræmi við nýlega úrskurði Innviðaráðuneytisins frá því janúar og apríl á þessu ári. Þar kemur sérstaklega fram að brugðist skuli við eins fljótt og hægt er.

Ívar Ingimarsson

From: Ívar og Hrefna

Sent: 10 August 2024 22:11

To: Fjarðabyggð ; Jóna Árný Þórðardóttir

Cc: Pétur Kristinsson ; Innviðaráðuneyti

Subject: Beiðni um smölun ágangsfjár - Óseyri Stöðvarfirði

Góðan dag.

cc Innviðaráðuneytið

Í viðhengi er bréf til bæjarstjórnar Fjarðabyggðar með beiðni um smölun ágangsfjár á Óseyri Stöðvarfirði.

Beiðnin er dagsett 10. ágúst þann dag sem myndirnar voru teknar af kindunum á landi okkar.

Óskum við eftir skjótum viðbrögðum.

Ívar Ingimarsson

Hrefna Arnardóttir